

Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr 660/2016. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m.s.br. ber sveitarfélögum að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir á árinu 2022:

Grunngjald kr. 26.500 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé 122 kr.

Nautgripir 395 kr.

Hross 392 kr.

Hænsn 2 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 23. grein laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 9. desember 2021.

Borgarnesi 15. desember 2021

Þórdís Sif Sigurðardóttir
sveitarstjóri